

**AUGLÝSING**  
**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2000 um breytingu á**  
**ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 um gildistöku nýrra reglna um**  
**flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3, Change 1.**

Samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000, um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, taka reglur JAA um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1 gildi frá og með 1. janúar 2001.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með 1. janúar 2001 er þeim aðiljum sem fyrir gildistöku reglnanna stunduðu flugrekstur í flutningaflugi með þyrlum í sjónflugi, veittur árs aðlögunartími að ákvæðum JAR-OPS 3, Change 1. Aðlögunartími þessi skal telja frá gildistöku reglnanna frá og með 1. janúar 2001 til 31. desember 2001.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 31. desember 2000*

**Þorgeir Pálsson** flugmálastjóri.